

SAMKOMULAG UM LOFTSLAGSVÆNNI LANDBÚNAÐ

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Bændasamtök Íslands gera með sér svofellt samkomulag um að vinna að gerð vegvísir um minnkun losunar gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.

Í sóknaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum eru fjölbreytt verkefni sem miða að samdrætti á nettólosun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Þeim er ætlað að setja aukinn kraft í aðgerðir sem eiga að leiða til minni losunar og aukinnar kolefnisbindingar, sem aftur á að auðvelda Íslandi að standa við skuldbindingar í loftslagsmálum. Í sóknaráætlun er lögð áhersla á samstarf stjórnvalda og atvinnulífs, því raunverulegur árangur næst trauðla nema með samstilltum aðgerðum og breiðri þátttöku. Á meðal verkefna er vegvísir um minni losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði.

Unninn verður vegvísir um minnkun losunar í landbúnaði með samvinnu stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. Vegvísirinn mun taka mið af sambærilegri vinnu í sjávarútvegi, greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, vinnu í öðrum geirum og reynslu annara þjóða. Vegvísirinn verður einnig í samræmi við ályktun Búnaðarþings 2016 þar sem segir að gera þurfi útreikning á kolefnislosun landbúnaðar og áætlun um hvað þarf til þess að kolefnisjafna búskapinn.

Skipuð verður verkefnisstjórn, sem mun hafa umsjón með gerð vegvísisins, en reiknað er með að hann verði að miklu leyti unninn af sérfræðingum um losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði og leiðum til að draga úr henni. Verkefnisstjórn er skipuð tveimur fulltrúum Bændasamtaka Íslands, einum fulltrúa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og tveimur fulltrúum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og aðstoðarmanni umhverfis- og auðlindaráðherra sem jafnframt er formaður verkefnisstjórnar. Aðilar að verkefnisstjórn bera kostnað af störfum sinna fulltrúa, en umverfis- og auðlindaráðuneytið greiðir annan kostnað vegna starfa verkefnisstjórnarinnar, með fyrirvara um nauðsynlegar fjárheimildir.

Vinna verkefnisstjórnarinnar tekur mið af eftirfarandi atriðum:

1. Verkefnisstjórn skal vinna eða láta vinna greiningu á losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði. Verkefnisstjórnin skal skilgreina hversu ítarleg sú greining á að vera og hafa til hliðsjónar sambærilega greiningu sem unnin hefur verið í öðrum ríkjum s.s. í Noregi og Nýja Sjálandi. Greinargerð sem sýnir helstu losunarþætti landbúnaðar á Íslandi og lykiltölur um losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda skal skilað fyrir 1. september 2016.
2. Byggt á greiningu skv. 1. tl. skal verkefnisstjórn móta eða láta móta tillögur að vegvísí. Vegvísirinn skal innihalda tillögur að raunhæfum loftslagsvænum lausnum fyrir landbúnaðinn til að draga úr losun. Tillögum að leiðarvísí skal skilað fyrir 1. maí 2017.

3. Við greiningu skv. 1. tl. og tillögugerð skv. 2.tl. skal verkefnisstjórn tryggja að leitað sé samráðs við búgreinafélög, opinberar stofnanir og ráðuneyti sem hlut eiga að máli.
4. Verkefnisstjórn skal leggja mat á, út frá greiningu og tillögugerð samkvæmt 1. og 2. tl., fýsileika þess að útbúa reiknivél þar sem bændur geta reiknað út losun frá sínu búi og áætlað með hvaða hætti þeir geta dregið úr losun.


Reykjavík, 19. apríl 2016



Sindri Sigurgeirsson
formaður Bændasamtaka Íslands



Sigrún Magnúsdóttir
umhverfis- og auðlindaráðherra



Gunnar Bragi Sveinsson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra